

158. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
19. 3. 2026 kl. 8:30 – 9:15

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Snævarr Guðmundsson, Karl Benediktsson, Anna Ragnarsdóttir Pedersen, Kristín Vala Prastardóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Ingunn Jónsdóttir, Ingveldur Sæmundsdóttir, Guðjón Ragnar Jónasson og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Sindri Örn Elvarsson og Valdís Björg Friðriksdóttir

Ársreikningur 2025

Hugrún Harpa fór yfir ársreikning ársins 2025. Farið var yfir breytingar sem gerðar voru á ársreikningi frá síðustu umfjöllun stjórnar um reikninginn. Ársreikningur er samþykktur og munu stjórnarmenn fá hann til rafrænnar undirritunar að loknum fundi.

Ársskýrsla 2025

Hugrún Harpa fór stuttlega yfir drög að ársskýrslu. Endanleg skýrsla verður send stjórnarmönnum fyrir ársfund og verður henni miðlað á heimasíðu setursins.

Önnur mál

Hugrún Harpa fór yfir erindi frá Menntahvöt Hornafjarðar þar sem óskað var eftir að aðildarstofnanir setursins settu saman stutta lýsingu á því hvernig aðgengi að húsnæði þar sem gistirými væri fyrir gesti og samstarfsaðila gæti nýst og styrkt starfsemi þeirra. Stjórn ræddi málið og telur mikilvægt að fara nánar yfir málið og skoða sameiginlegt erindi stofnana um málið.

Fundi slitið klukkan 10:00

Þórgunnur Torfadóttir
Hugrún Harpa Reynisdóttir